

Prestafélag Íslands

Hafnarfjarðarkirkju, 5. maí 2010

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Stjórn Prestafélags Íslands (PÍ) hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottföll laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), 485. mál.

Frumvarpið var tekið til umfjöllunar á nýliðinni prestastefnu; Synodus 2010 í Vídalínskirkju. Í umræðum um málið birtist skýr vilji fjölda starfandi presta og guðfræðinga fyrir því að styðja frumvarp til laga um ein hjúskaparlög. Nítíu og einn prestur og guðfræðingur höfðu skrifað undir yfirlýsingu þess efnis. Af þeim 91 sem rituðu nafn sitt eru 75 starfandi prestar og guðfræðingar en í Þjóðkirkjunni starfa 164 prestar og guðfræðingar.

Í umræðunum birtist vel sá veruleiki Þjóðkirkjunnar að hún er kirkja sem rúmar ólíka nálgun og trúarafstöðu á grundvelli jätninga hemmar og kenningar. Þetta er vel merkjanlegt í hópi presta. Meðal presta Þjóðkirkjunnar ríkir í meginatriðum tvenns konar hjúskaparskilningur, orðað með einföldum hætti: Annars vegar sá skilningur sem birtist í frumvarpinu um breytingu á hjúskaparlögum að hjónabandið sé kynhlutlaus stofnun og hins vegar sá skilningur að hjónabandið sé bundið við hjúskaparstofninu karls og konu. Þetta telur stjórn PÍ ekki skapa vanda þar sem hjónabandið er að lútherskum skilningi ekki sakramenti, heldur fyrst og fremst veraldleg stofnun. Það er löggjafans, Alþingis, ekki kirkjunnar að setja rammann um hjónabandið.

Líkt og skýrt kom fram í stefnuræðu biskups mun Þjóðkirkjan fara að lögum í þessu máli verði frumvarpið samþykkt. Stjórn PÍ telur hins vegar mikilvægt að borin sé virðing fyrir þeim veruleika að ekki deila allir vígslumenn Þjóðkirkjunnar sama hjónabandsskilningi. Því teljum við mikilvægt að í lagatextanum sjálfum en ekki í athugasemdum sé kveðið á um valkvæði kirkjulegra vígslumanna á grundvelli trúarsannfæringar.


Í stað þess að greidd væru atkvæði á prestastefnunni um tillögu 91 prests og guðfræðings var tillögunni vísað til biskups og ráðgjafarnefndar um kenningarleg málefni (kenningarnefndar) sem og tillögu þess efnis að kirkjan óskaði þess að prestar yrðu ekki vígslumenn að lögum, ef frumvarpið um ný hjúskaparlög yrði samþykkt.

Kenningarnefnd mun væntanlega í ljósi vilja löggjafans sem og vilja þessara hinna ólíku sjónarmiða gera tillögur um aðlögun helgihalds kirkjunnar að breyttum aðstæðum í þessum málum.

Stjórn PÍ telur meginatriði frumvarpsins, að ein lög gildi um hjúskaparstofnuna allra þeirra sem vilja ganga í hjónaband, mikilvæga réttarbót.

Hins vegar gerir stjórn PÍ alvarlega athugasemd við nafnleynd sæðisgjafa sem tilgreind er í frumvarpinu og telur slíkt ákvæði brjóta á réttindum barna til þess að þekkja uppruna sinn. Þessi fyrirvari á þó fyrst og fremst við lög um tæknifjórðingun (1996 nr. 55) en 4. grein þeirra laga varð tilefni mikilla umræðna á nýliðinni prestastefnu um réttmæti þess skv. lögum að kynfrumgjafi sé nafnlaus.

Stjórn PÍ styður því frumvarpið um ein hjúskaparlög með þeim fyrirvara að valkvæði vígslumanna sé virt en lýsir efasemdum sínum um nafnleynd sæðisgjafa. Ennfremur lýsir stjórn PÍ sig andvíga þeirri hugmynd að prestar verði ekki lengur vígslumenn að lögum eður að frumvarpið hefur verið samþykkt.



Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,

Guðbjörg Jóhannesdóttir, formaður PÍ.